

Fundargerð

418. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 26. mars 2019 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Ólafur Ingólfsson, Róbert Bender, Sigríður Sæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Sjöfn, Kári og Margrét voru fjarverandi.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar nr. 417 undirrituð.

1. Tilnefning til stjórnar LEB

Formaður setti fundinn og afsakaði stuttan fyrirvara sem kominn er til þar sem upp er komið að fyrirvari er til 27. mars með að tilnefningu til stjórnar LEB.

Ekki er vitað hverjir eru í uppstillingarnefnd. Stjórn LEB er skipuð 5 mönnum.

Niðurstaðan er að tilkynna til LEB að Ellert verði í kjöri til aðalstjórnar og Ólafur Ingólfsson til varastjórnar LEB.

Ekki hefur fengist uppgæfið hver fjöldi fulltrúa FEB geti verið á þingi LEB en okkur reiknast til að FEB eigi um 42 fulltrúa þar. Kallað hefur eftir áhuga félagsmanna um setu á landsfundinum á heima og Facebook síðum FEB. Var síðan áréttað í tölvupósti sem fór til félagsmanna um síð. helgi og áréttað aftur í öðrum pósti. Reiknað er með að halda fund verðandi þingfulltrúum FEB þann 8. apríl.

2. Önnur mál

Guðrún kom inn á erfiðan rekstur hjúkrunarheimila og boð um að fá Sigurð Rúnar forstjóra Skjóls á fund stjórnar fljótlega – samþykkt og að Guðrún fylgi eftir.

Róbert kom inn á hugsanlega aðild FEB að EPAN á Íslandi – Samtök gegn fátækt og félagslegri einangrun. Gögnum um samtökin send stjórnarmönnum til frekari skoðunar.

Fundi slitið 10.30.

Samþykkt;